

**32. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og
amtmananna á Íslandi, um áritun á ríkisskulda-
bréf um rentuborganir.**

1866.

23. marz.

Eptir áskorun deildar þeirrar í fjárstjórninni, sem ríkisskulda- og eptirlaunamálin heyra undir, eruð þér, herra stiptamtmaður (amtmaður), beðnir um að minna alla sýslumenn í amti því, sem þér eruð settur yfir, — þar sem þeir notorialiter rita á óuppsegjanleg ríkisskulda-bréf um að vextir af þeim sé borgaðir — á að gæta þess, að, þó vextirnir venjulega sé borgaðir á Íslandi í júnímánaðar gjalddaga fyrir heilt ár, sé líka ritað á skuldabréfin, að vextirnir er borga átti í desembermánaðar gjalddaga næst á undan sèu greiddir, því af flestum óuppsegjanlegum ríkisskulda-bréfum er upphaflega til ætlazt, að vextir sé greiddir bæði í desember og júní mánaðar gjalddaga. Ef að ekki væri ritað á skuldabréfin, að vextirnir sem greiða átti í desembermánaðar gjalddaga, væru borgaðir, og þau kæmust á gang í öðrum hlutum ríkisins en á Íslandi og Færeyjum, þá kynni sá sem þú eignaðist þau að halda, að hann ætti rétt á að fá borgaða úr ríkissjóðnum vextina fyrir þá gjalddaga, sèu ekki væri kvittað fyrir á skuldabréfin.

**33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á
Íslandi, um launaviðbót eptir kornverði fjárhagsárið
1866—67.**

24. marz.

Um leið og yður, herra stiptamtmaður, hær með er sendur reikningur, er fjárstjórnin hefir fallizt á, um launabót eptir kornverði, sem embættismönnum og embættishjönum í suðurumdæminu á Íslandi ber samkvæmt lögum 19. febrúarmán. 1861 og 19. janúarmán. 1863 á fjárhagsárinu 1866—67, skal því við bætt sjálfum yður til vísbendingar og til þess að þér kunngjörði það öllum, sem hlut eiga að máli, að landfógetanum hefir í dag verið ritað hëðan, um að greiða upphæðir þær, sem á reikn-

1866.
24. marz.

ingnum standa, úr jarðabókarsjóðnum samkvæmt áðurnefndum lögum.

Þar sem að ekki hafa verið tilfærðir nema 200 rd. í launabót eptir kornverði handa yður sjálfum, herra stiptamtmaður, eins og ríkisþingið hefir veitt hana, skal þess að endingu getið, að dómsmálastjórnin að vísu hefir leitazt við að færa fjárstjórninni heim sanninn um, að skilningur sá á lögnum 19. febrúarmán. 1861, sem ríkisþingið hefir farið eptir, sé ekki réttur, það er að skilja, að það sé rangt að taka þá 400 rd., sem yður eru veittir í borðfè, með, þá er launabótin eptir kornverði er reiknuð út, smbr. niðurlag 1. greinar í lögum þessum, en fjárstjórnin hefir svarað uppá það, að hún með engu móti sjái sér fært að fallast á, að þér seud látnir fá meira en þá 200 rd., sem ríkisþingið með berum orðum hefir veitt yður, og það því síður, sem skilningur sá á lögnum 19. febrúarmán. 1861, sem hér hefir verið farið eptir, líka hefir verið heimfærður uppá launabótina eptir kornverði handa amtmönnunum í Danmörku, þar sem borðfè þeirra hefir verið tekið með, þegar reiknaðar hafa verið út embættis-tekjur þeirra, þær er koma eiga til greina samkvæmt áðurnefndri lagagrein.

13. apríl.

34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenska bókmentafélags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

Í sambandi við bréf dómsmálastjórnarinnar frá 23. apríl-mán. 1864 skal það hérmeð kunngjört Deild hins íslenska bókmentafélags í Kaupmannahöfn, að stjórnarráðið hefir veitt félaginu 150 rd. styrk til að halda áfram að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands“, og hefir í dag verið hlutazt til um, að fè þetta verði greidd fèhírði félagsins, Stephensen etazráði, úr aðalfèhirzlu ríkisins.